

Nd.

456. Breytingartillögur

[140. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá Birni Fr. Björnssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
 2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla gagnfræðastigs (héraðsskóla) og húsmæðraskóla að fullu.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
 15. gr. laganna falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
 2. málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Annar kostnað af skólahaldi gagnfræðastigsskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður þannig: Vegna heimangönguskóla að hálfu, en sveitarfélög að hálfu. Vegna heimavistarskóla gagnfræðastigs (héraðsskóla) og húsmæðraskóla greiðir ríkissjóður rekstrarkostnað að fullu að frá-dregnum tekjum.
4. Á eftir 3. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
 17. gr. laganna orðist svo:

Leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla, annarra en heimavistar-skóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla, skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðilar þessir greiða stofnkostnað, sbr. 3. gr.

Aðrar tekjur, sem til kunna að falla vegna skólahalds, renna að einum fjórða hluta í ríkissjóð og að þremur fjórðu hlutum til sveitarfélaga, að því er tekur til barnaskóla, en að hálfu í ríkissjóð og að hálfu til sveitarfélaga, að því er tekur til heimangönguskóla gagnfræðastigs. Tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla ganga óskiptar til greiðslu rekstrarkostnaðar þeirra skóla.
5. Við 4. gr. (undir 5. gr.). Greinin orðist svo:

Ákvæði laga þessara gilda frá 1. jan. 1960.